



Mynd 1 – Dýraspor máluð á steina og þeim komið fyrir á skólalóð.

Stefanía Malen Stefánsdóttir

Brot úr starfi Brúarásskóla

Hver og einn er einstakur

Brúarásskóli er fámennur skóli á Fljótsdalshéraði. Skólinn hefur vakið athygli fyrir frjótt og skapandi skólastarf og var valinn *Nýsköpunarskóli ársins í flokki minni skóla* árin 2012 og 2013. Útikennsla er fastur liður í starfinu, tvær útikennslustofur eru við skólann og ein kennsluvika í hverjum mánuði er útikennsluvika. Kennarar skólans hafa verið þátttakendur í þróunarverkefnum og öllu námsmati skólans hefur verið umbylt á síðustu árum. Margar skemmtilegar hefðir einkenna starfið, dans er kenndur á öllum stigum og á hverju ári er settur upp frumsaminn söngleikur þar sem allir nemendur skólans fara með hlutverk, spila á hljóðfæri og semja sum lögin í sýningunni. Tónlistarskóli er starfandi í húsakynnum skólans og þar stunda um 90% nemenda grunnskólans nám á skólatíma. Við skólann er dýrahús þar sem nemendur halda hænur, kanínur og nagggrísi. Þangað fara afgangar úr mótuneytinu og svo eru eggjin úr hænunum notuð í heimilisfræðikennslu. Skólinn er Grænfánaskóli og annað hvert ár er valið nýtt þema tengt náttúru og umhverfisvernd að vinna með. Á tveggja vikna fresti fá nemendur með sér heim hjartaása þar sem umsjónarkennarar hafa skrifað til þeirra jákvæð skilaboð.

Hvað er skóli? Hvað er mikilvægast í starfi skóla? Þetta eru stórar spurningar og við þeim er ekki til neitt eitt rétt svar. Mig langar í þessari grein að segja aðeins frá skólanum mínum. Hann er vissulega ekki bara minn en ég var hér nemandi í átta ár, kom hér til starfa fyrir 14 árum og síðustu sex árin hef ég verið hér skólástýra.

Sjálfri leið mér vel hér sem barni en hugsa stundum um að gott hefði verið að hafa íþróttahúsið og tónlistarskólann þegar við dvöldum hér alla vikuna í heimavist. En sennilega skiptir samt mestu máli að nemendum líði vel. Það er grunnurinn að því að þeir geti þroskast og lært. Hér á eftir ætla ég að segja ykkur frá nokkrum atriðum sem einkenna Brúarásskóla og leitast við að lýsa því starfi sem þar fer fram.

Brúarásskóli er fámennur sveitaskóli á norðanverðu Fljótssdalshéraði. Hann sækja nemendur í 1.–10. bekk af mjög stóru svæði. Nemendur eru um fjórir tugir talsins og þeim er ekið daglega í skólann með sex skólabílum. Um það bil þriðjungur nemenda kemur úr þéttbýli, aðrir úr dreifbýli héraðsins. Við skólann eru um sex stöðugildi kennara sem átta kennarar skipta með sér en að auki starfa við skólann nokkrir stundakennarar. Skólaárið 2013–2014 er nemendum kennt í þremur samkenndisföngum, 1.–4. bekk, 5.–7. bekk og 8.–10. bekk.

Skólinn býr að áralangri hefð og hann hefur lengi þótt heimilislegur. Nemendur í grunnskólanum hafa verið um 40 talsins í fjölda ára, allir þekkja alla mjög vel og ekkert annað er í boði en að allir láti sér lynda saman, í raun eins og á heimili eða í hverri annarri fjölskyldu. Auðvitað er tekist á en í framhaldinu eru málin rædd og unnið að lausnum. Hér í hafa íbúar sveitanna alla tíð komið við og fengið sér kaffisopa og fátt er heimilislegra en einmitt það.

Umburðarlyndi er annað atriði sem er í hávegum haft í skólanum. *Hver og einn er einstakur* eru einkunnarorð skólans og þau eru okkur mikilvæg. Hér hefur í gegnum árin farið í gegn fjöldi nemenda sem hefur glímt við margs konar frávík og ekkert er gleðilegra í starfi en þegar þessir einstaklingar tjá manni að dvölin hér hafi verið góður tími og að þeim hafi liðið vel. En við búum hvorki í fullkomnum heimi né skóla og alltaf má gera betur. Skólinn er fyrir nemendur og við fullorðna fólkið verðum að sýna umburðarlyndi til að geta kennt það.



Mynd 2 – Umhverfissöngur Brúarásskóla sunginn á Grænfánahátíð.



Mynd 3 – Grænfánatertan



Mynd 4 – Dýrahúsið í vetrarbúningi




Mynd 5 – Dagleg naggrísastund

Brúarásskóli er grænn og dýravænn, við höfum dýr í skólanum og erum áhugasöm um umhverfisvernd. Fyrir fjórum árum fengum við styrk til að kaupa okkur dýrahúsið sem gefur að líta á *Mynd 4*. Hugmyndin kviknaði á kennarafundi þegar ákveðið var að skrá skólann í verkefni Landverndar um Grænfánann. Allir voru sammála um að það að hafa dýrahús gæfi endalausa möguleika í skólastarfinu ásamt því að kenna nemendum ábyrgð og umönnun dýra.

Húsið var reist í sjálfböðavinnu foreldra og velunnara og frá og með haustinu 2009 höfum við verið með hænur, kanínur og naggrísi í húsinu. Nemendahóparnir skiptast á að hugsa um dýrin í útifríminútum á morgnana og á sumrin fara dýrin í vistun til góðra og umhyggjusamra aðila. Allt er þetta liður í umhverfisvænu skólastarfi, afgangar úr mótuneytinu eru nýttir sem fóður fyrir dýrin og hænurnar gefa okkur egg í heimilisfræðina. Við ákváðum í kjölfarið að taka þátt í verkefninu *Skólar á grænni grein* hjá Landvernd, sóttum um og höfumst handa við að stíga skrefin sjö sem eru nauðsynleg þeim skólum sem vilja hljóta alþjóðlegu viðurkenninguna Grænfánann. Í skrefunum felst ásamt fleiru að stofnuð er umhverfisnefnd, staða umhverfismála í skólanum metin og áætlun gerð um aðgerðir og markmið (sjá nánar á vef Landverndar og slóðinni <http://landvernd.is/grafenfaninn>).

Við flögguðum Grænfánanum fyrst haustið 2010 og aftur í janúar 2013 (*Mynd 2 og 3*). Við byrjuðum á að taka okkur á í flokkunarmálunum og einbeittum okkur svo að grenndar-námi, sem snýst um að taka mið af því mannlífi sem lifað er á hverjum stað og gefa sérstakan gaum að náttúru og landfræðilegu umhverfi. Nú er þemað okkar *vatn* sem nemendur í umhverfisnefnd skólans völdu í upphafi nýs áfanga. Á vordögum 2013 voru unnin mörg skemmtileg verkefni tengd því, sjá *Myndir 6 og 7*.



Mynd 6 og 7 – Unnið með vatn í ljósmyndun.

Síðustu ár höfum við lagt áherslu á útikennslu og nýsköpun. Áherslan á útikennsluna kom frá kennurum sem vildu nota náttúruna og staðsetningu skólans sem styrkleika í skólastarfinu en kveikjuna að meiri nýsköpunarkennslu má rekja til mennastefnu Fljótsdalshéraðs. Útikennsluvika er alltaf fyrsta vika í hverjum mánuði og þá einbeita kennarar sér að því að færa námið út undir bert loft. Tvær útikennslustofur hafa verið útbúnar, önnur hér við skólann, með eldstæði og bekkjum og kollum en hin spölkorn frá við klett þar sem tættur af gamalli hestarétt er, sjá *Myndir 8 og 9*. Þær eru nýttar ásamt öðrum svæðum til kennslu bæði þar sérstök viðfangsefni eru tekin út, unnið með þau á fjölbreyttan hátt og einnig sem upplifunarkennsla að upplifa og læra á umhverfið.



Mynd 8 og 9 – Útikennslustofurnar tvær


Nýsköpunin hefur unnið sér fastan sess í skólaárinu. Hún er kennd í lotum með smíða-kennslunni ásamt því að tvisvar á ári eru haldnir sérstakir dagar þar sem nýsköpunar-hugmyndir er fullmótaðar og haldnar sýningar. Við höfum tekið þátt í *Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda* (sjá vef keppninnar á slóðinni <http://nkg.is>) og nokkrir nemendur komist í vinnusmiðjur keppninnar, sem eru nokkurs konar úrslit, þar sem þeir fá tækifæri til að vinna frekar með hugmyndir sínar. Nemendur hafa líka fengið verðlaun á lokahátíð keppninnar. Brúarásskóli bar titilinn *Nýsköpunarskóli ársins í flokki minni skóla* bæði 2012 og 2013. Greinileg breyting hefur orðið á hugsunarhætti nemenda við nýsköpunar-námið og þátttöku í keppninni þar sem þeir eru nú opnari fyrir nýjungum og sniðugum lausnum. Ósjaldan heyrist til nemenda eitthvað á borð við þetta: „Heyrðu, ég er með frábæra nýsköpunarhugmynd!“

Liður í nýsköpunarkennslunni er að taka þátt í hönnunar- og nýsköpunarkeppni LEGO (sjá vef keppninnar á slóðinni <http://www.firstlego.is>). Hver nemandi á unglingastigi tekur þátt í keppninni í tvígang og fær frábært tækifæri til að forrita og finna nýjar lausnir, því að hver keppni hefur sitt þema. Þetta er frábært samþættingarverkefni þar sem allir liðsfélagar geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Árið 2014 vann keppnina lið frá okkur skipað sjö stelpum (sjá *Mynd 10*). Þær kalla sig 0% engla og fengu með sigrinum þátttökurétt í heimskeppni sem að þessu sinni er haldin á Spáni.



Mynd 10 – Sigurlið Legókeppninnar 2014, 0% englar

Veturinn 2012–2013 tók Brúarásskóli þátt í tveimur þróunarverkefnum ásamt öðrum skólum á Fljótshálsdalshéraði, öðru til að efla skólabrag og hinu til að efla námsmat. Kennarar sóttu námskeið og síðan var unnið að þróunarstarfinu í skólanum. Nemendur og kennarar fengust við mörg verkefni í þessu starfi en eitt þeirra hefur vakið sérstaka athygli. Það tengist bæði skólabrag og mati. Fljótlega kom fram hugmynd um að koma til nemenda einhvers konar hrósi eða ummælum á jákvæðum nótum um þá sjálfa og starf þeirra. Ákveðið var að tengja hugmyndina hjartaás, þar sem við erum á Brúarássnum og ungmennafélag nemenda heitir Ásinn. Síðast en ekki síst vildum við að ummælin kæmu frá hjartanu. Verkefninu var hrundið af stað og allir nemendur skólans fá nú á tveggja vikna fresti einn ás (spil) með jákvæðum ummælum um þá sjálfa næstu tvær vikur á undan. Ummælin geta verið um hvað sem er í skólastarfinu (sjá *Mynd 11*). Umsjónarkennari sér um að skrifa ás handa hverjum nemenda en fær einnig hugmyndir frá öðrum því að verkefnið var kynnt öllu starfsfólki og allir geta komið með ábendingar og eiga að hafa augun opin fyrir jákvæðri hegðun, samskiptum og árangri.



Mynd 11 – Hjartaás með jákvæðum ummælum

Nemendur hönnuðu í smíðum hirslu úr trjábút (sjá Mynd 12) svo að hver og einn gæti safnað í hana spilunum sínum. Hjartaásarnir voru afhentir allan síðasta vetur og voru allir sammála um að halda verkefninu áfram. Hjartaásarnir eru auðveld leið til að minna okkur á að líta á það jákvæða í fari allra einstaklinga og að allir þurfa að fá að heyra eitthvað jákvætt um sig og börnin sín. Það byggir upp einstaklinginn og dregur fram að hver og einn er einstakur. Verkefnið tengir saman alla þá sem standa að skólastarfinu og styrkir skólabraginn. Um leið er það liður í námsmati. Ég sé fyrir mér að gaman verði fyrir nemendum að lesa ásana sína aftur að mörgum árum liðnum og rifja upp samfélagið hér í skólanum.



Mynd 12 – Hirslur fyrir ásana, unnar í smíðum.

Í námsmatsverkefninu voru gerðar róttækar breytingar, ákveðið að vinna meira og betur að leiðsagnarmati ásamt því að breyta matinu. Á fyrstu önn vinnum við bæði með nemendum og kennurum að frammistöðumati þar sem báðir aðilar setjast saman ásamt foreldrum í lok annar og meta hvernig til hafi tekist í áhuga, skilningi og virkni. Á annari önn einbeitum við okkur að lykilhæfninni ásamt nemendum og í lok þriðju annar fá allir afhent formlegt vitnisburðarblað með umsögnum. Einkunnir í tölum milli 1 og 10 létum við falla út og gefum öllum nemendum umsagnir en á unglingastigi bætast við bókstafir. Einnig var ákveðið að allir nemendur fengju 20 mínútna einstaklingsviðtöl við umsýðarkennara þrisvar á skólaárinu. Skólasamfélagið tók jákvætt í þessar breytingar og mælingar Skólapúlsins, sem skólinn tekur þátt í og nýtir, hafa sýnt ánægju nemenda, foreldra og kennara með þær. Ég tel að með þessu séum við að einbeita okkur meira að kjarnanum í náminu, það er því að eiga samræður við nemendur um framfarir í námi í stað þess að þeir einblíni á tölur og kommur.

Brúarásskóli er samrekin leik- og grunnskóli undir einu þaki. Leikskólahópurinn er í huga mínum einn samkennduhópurinn í viðbót við aldurshópana þrjá í grunnskólanum. Reynt er að hafa mikið flæði milli skólastiga og leikskólanemendur taka innan eðlilegra marka þátt í öllum viðburðum sem tengjast skólastarfinu. Í leikskólanum eru að jafnaði fimm til tíu nemendur (sjá Mynd 13).



Mynd 13 – Nemendur leikskólans úti að leika

Leiklistin og samvinnan við tónlistarskólann setja mikið mark á skólastarfið. Tónlistarskólinn er í sama húsi og eru um 90% nemenda í tónlistarnámi á skólatíma. Um er að ræða hefðbundið tónlistarnám með klassískum hljóðfærum og rafmagnshljóðfærum ásamt söng. Bæði er kennt einstaklingum og smáum hópum.



Mynd 14 – Söngstund úti í vorblíðunni

Söngstundir eru haldnar reglulega. Þá koma nemendur og kennarar saman og syngja gamla og nýja söngva undir stjórn tónlistarkennara (sjá Mynd 14).

Árlega er settur upp í samvinnu við tónlistarskólann stór söngleikur þar sem allir nemendur fara með hlutverk. Undanfarin ár höfum við verið svo heppin að hafa hjá okkur rithöfund sem samið hefur leikverkin og klæðskerasniðið þau að nemendum skólans (sjá Mynd 15). Dásamlegt er að sjá nemendur takast á við þessar áskoranir og eflast ár frá ári í framkomu og tjáningu.



Mynd 15 – Árs hátíðin 2013: Draugaóperan

Að lokum verð ég að nefna danskennsluna. Hún hefur verið á stundaskrá allra bekkja síðustu ár. Þar hjálpast að kennarar og sjálfboðaliðar úr nærsamfélaginu og kenna nemendum dansa, jafnt gamla sem nýja, og danssýning er haldin á jólaskemmtun skólans.



Mynd 16 – Fatasund á vordögum

Nýjasta viðbótin í okkar litla skólasamfélagi er síðan kennsla í skák og táknmáli. Þetta eru spennandi fög sem auka fjölbreytnina í skólanum og opna nýja heima fyrir nemendum. Táknmálið og skákin eru kennd sem valgreinar á mið- og unglingastigi. Í vetur eru nemendur yngsta stigsins með skák á stundaskrá en táknmálakennari kemur reglulega inn í tíma hjá umsjónarkennara. Táknmálið er síðan hluti af daglegu lífi leikskólans því táknmálakennarinn er starfsmaður þar. Frábært er að sjá hvað nemendur eru jákvæðir og duglegir að læra táknmál og sjá hvað þessi hljóðlausu samskipti eru gefandi.

Ef við snúum okkur aftur að spurningunum sem ég byrjaði á í upphafi, *Hvað er skóli?* og *Hvað er mikilvægt í skólastarfi?*, held ég að skóli sé samfélag nemenda, foreldra og

starfsmanna þar sem allir vinna að því að nemendum líði vel, þannig að þeir geti þroskast og tekist á við spennandi verkefni og áskoranir af þrautseigju. Það er ekkert eitt mikilvægtara en annað í skólastarfinu, allt sem ég hef talið upp er mikilvægt auk margs sem ég hef ekki nefnt. Ég er stærðfræðikennari en mér dettur ekki í hug að segja að stærðfræði sé mikilvægari en aðrar greinar, ég get bara bent á að það má finna stærðfræði í öllum námsgreinum og að þar gegnir hún mikilvægu hlutverki.



Mynd 17 – Stuðningslið á Skólahreysti

Ég hef verið svo heppin sem stjórnandi að hafa gott starfslið. Mikilvægt er að allt starfsfólk líti á sig sem hlekk í skólasamfélaginu. Í öllum þeim verkefnum sem við höfum tekist á við hafa kennarar verið jákvæðir og ekki litið á vandamálin sem óyffirstíganlegar hindranir, heldur fundið á þeim lausnir. Mikilvægt er að kennarar fái að blómstra þar sem styrkleikar þeirra liggja, því að þeir eru líkt og nemendur einstakir. Það að takast alltaf á við ný og spennandi verkefni gerir lífið líka svo miklu skemmtilegra.



Stefanía Malen Stefánsdóttir. (2014).
Brot úr starfi Brúarásskóla: Hver og einn er einstakur.
Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2014/alm/001.pdf>